Aðalfundur Hrossaræktarnefndar Spretts 15. nóvember 2025

Aðalfundur hrossaræktarnefndar Spretts var haldinn í veislusal Samskipahallarinnar þann 15 nóvember 2025. Stjórn hrossaræktarnefndarinnar skipa: Sigurður Ágústsson formaður, Lárus Sindri Lárusson, Auður Stefánsdóttir, Hermann Arason, Sveinbjörn Bragason og Guðni Hólm.

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og fundaritara.
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar nefndarinnar kynntir og bornir undir atkvæði
4. Val á ræktunarmanni ársins, og efstu hross í flokki 4-7 vetra hryssna og stóðhesta verðlaunaðir
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál

Fundargerð aðalfundar

1. **Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara**
   Formaður nefndarinnar setur fundinn og ekki koma fram athugasemdir um boðun fundarins. Hann er því lögmætur og fundur settur.
   Fundarstjóri var kjörinn Sigurður Ágústsson og fundarritari Auður Stefánsdóttir.

2. **Skýrsla stjórnar**
   Sigurður Ágústsson formaður nefndarinnar flutti skýrslu stjórnar og fór stuttlega yfir verkefni nefndarinnar liðið ár. Tilgangur nefndarinnar er skvmt lögum „Að glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugri fræðslu og útbreiðslustarfi" ...og "... vinna að öðrum hagsmunamálum hrossaræktenda eftir því sem tilefni gefst".
   Nefndin hefur staðið fyrir **forspárdómum kynbótahrossa** í Spretti undanfarin ár og fengið Þorvald Kristjánsson til að koma og rýna í byggingu hrossa Sprettara. Þetta hefur verið vinsælt og mjög gagnlegt. Yfir 40 skráð hross komið í forspárdóma ræktunarleiðtoga Íslenska hestsins þar sem eigendur hrossa stilla upp sínum hrossum og fá tíma með Þorvaldi sem dæmir gripinn og rökstyður sinn dóm – þátttakendur fá svo útfyllt dómablöð sem er skemmtilegt að hafa til hliðsjónar þegar hrossin fara svo í

kynbótadóm að vori. Það er dýrmætt og gagnlegt fyrir ræktendur að fá þetta samtal við Þorvald – og rökstuðning hans á einkunnum sköpulags hrossa.
Æfingakynbótasýning. Nefndin stóð fyrir "æfinga-kynbótasýningu" fyrir unga knapa vorið 2025, til að hvetja unga knapa til að stíga það stóra skref að stilla upp hrossi í kynbótadómi og sýna i reiðdóm. Sprettarinn Anika Hrund Ómarsdóttir tók þátt í þessu verkefni nefndarinnar og sýndi síðan sjálf hryssuna Sólmyrkvu frá Álfhólum 5 vetra gamla á kynbótasýningu í sumar með miklum ágætum og einnig stóðhestinn Náttfara með Álfhólum 4ra vetra gamlan með miklum sóma svo eftir var tekið. Við erum áhugasöm um að endurtaka leikinn og styðja við unga knapa að stíga þetta skref. Enda nýliðun í þessum anga hestamennskunnar mikilvæg, eins og öðrum.
Uppboð folatolla á þorrablóti. Nefndin hefur staðið fyrir uppboði veglegra folatolla á þorrablótum og safnað þannig fé fyrir rekstri nefndarinnar. Við þökkum þeim stóðhesteigendum sem hafa gefið tolla í slík uppboð. Það hefur sýnt sig að það er mjög mikilvægt að sá sem stýrir uppboðinu verður að hitta á hárrétta tímasetningu – fólk þarf að vera orðið býsna góðglatt – en ekki þannig að muni ekki eftir daginn eftir.
Undangengin ár hefur rekstur nefndarinnar verið rekin réttu megin við núllið og gott betur – og við höfum látið mörg hundruð þúsund af hendi rakna til hmf Spretts – og þá til tækjakaupa, æskulýðsstarfs og þar fram eftir götum.

3. Reikningar nefndarinnar kynntir og bornir undir atkvæði
Lárus Sindri Lárusson fór yfir endurskoðaða reikninga félagssins, engar athugasemdir voru gerðar. Reikningsár félagsins er frá 1.10-30.9 ár hvert. Skoðunarmenn framkvæma endurskoðun og árita reikninga félagsins.

4. Val á ræktunarmanni ársins, og efstu hross í flokki 4-7 vetra hryssna og stóðhesta verðlaunaðir

Einungis skráðir og skuldlausir félagar koma til greina í vali á ræktunarbúi ársins hjá Spretti. Það hefur verið mjög mikið verk, og á tíðum vanþakklátt, að taka saman „handvirkt" upplýsingar úr WF og reikna út hvaða ræktunarbú eru efst og hvaða hross er efst „Sprettsræktenda" í hverjum flokki - finna og staðfesta hvaða ræktendur eru félagar í Spretti – og skuldlausir. Stjórn hrossaræktarnefndar Spretts hefur ákveðið að frá og með næsta ári, (2026) verði það á ábyrgð hrossaræktenda sjálfra að skila inn til nefndarinnar dómaniðurstöðu kynbótahrossa í þeirra eigu. Nefndin auglýsa eftir slíkum tilkynningum fyrir 1. október ár hvert.

Ræktunarstarf Sprettsfélaga var gróskumikið þótt ekki væri landsmótsár. Sýnd voru samtals 96 hross, 67 hryssur og 29 hestar, af 1332 kynbótasýningum á árinu eða 7,3% af heild. En magn er ekki sama og gæði – af 11 hæst dæmdu hrossum ársins 2025 voru

þrjú ræktuð af Spretturum: **Dalvar frá Efsta-Seli**, undan Adrían og Lóu frá Efsta-seli – hæst dæmda kynbótahross ársins með 8.99 í AE. **Vala frá Vindási** undan Adrían og Gjöf frá Vindási í 7. Sæti með 8.76 – og þriðja hæst dæmda hryssa ársins 2025, og **Alda frá Sumarliðabæ 2**, undan Álfarinn og Bylgju frá Einhamri 2, í 11. Sæti með 8.71.

Þessi 96 hross voru undan 54 stóðhestum, þar af tæpur þriðjungur undan 5 stóðhestum.

Stóðhestur	***fæðingarár***	***Fjöldi afkvæma***
Skýr frá Skálakoti	2007	9
Adrían frá Garðshorni	2013	7
Apollo frá Haukholtum	2012	4
Hringur frá Gunnarsstöðum	2009	4
Rauðskeggur frá Kjarnholtum	2011	4

Ræktunarbú Spretts

Alls voru það 20 bú sem uppfylltu skilyrði til að fá nafnbótina Ræktunarbú Spretts 2025. Skilyrðin eru að vera skráður og skuldlaus félagi í Spretti og amk tvö hross sýnd í kynbótadóm.
Ræktunarbú ársins var Efsta-Sel – en þar á eftir komu; Sumarliðabær 2, Eystri-Hóll, Geitaskarð, Hamarsey, Breiðholt í Flóa, Kjarnholt 1, Fornusandar, Traðarland, Skúfslækur, Álfhólar, Vesturkot, Borgarás, Flagbjarnarholt, Heimahagi, Valstrýta, Ytra Dalsgerði, Efri-Brú, Votamýri – og mörg fleiri.

Ræktunarmaður ársins 2025 eru Hilmar Sæmundsson og Daníel Jónsson, ræktendur Dalvars frá Efsta-Seli.

5. Lagabreytingar

Nefndin lagði fyrir fundinn breytingar á lögum félagsins sem voru allar samþykktar einróma. Samþykkt var að birta lög félagsins á heimasíðu Spretts.

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Auður Stefánsdóttir fundarritari